

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Dalabyggðar, Reykhóla-, Árnes- og  
Kaldrananeshrepps  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík 22. október 2017  
UST201709-002/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Árneshrepps 2005 – 2025, tillaga að breytingu, Hvalárvirkjun**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 1. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005 – 2025.

Í upphafi inngangs kemur fram að VesturVerk ehf. áformar að byggja Hvalárvirkjun og virkja þar með rennsli Hvalár, Rjúkanda og Eyvindarfjarðarar til raforkuframleiðslu. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir að afl virkjunarinnar verði um 55 MW og orkuframleiðsla verði um 320 GWh á ári.

Í inngangi kemur einnig fram að Hvalárvirkjun er einn þeirra virkjunarkosta sem metnir voru í 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Í þingsályktun nr. 13/141 um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða var Hvalárvirkjun skipað í orkunýtingarflokk. Í gildandi aðalskipulagi Árneshrepps staðfest 28. janúar 2014 er gert ráð fyrir Hvalárvirkjun, tengingu hennar við landsnetið og bættum samgöngum. Framkvæmdin hefur farið í mat á umhverfisáhrifum þ.m.t. þær framkvæmdir sem nú eru áætlaðar inn á skipulag og 3. apríl 2017 gaf Skipulagsstofnun út álit sitt.

Fram kemur í inngangi að breyta þarf aðalskipulagi því skilgreina þarf vinnuvegi að rannsóknarsvæði og lágmarks efnistöku vegna þeirra. Einnig þarf að gera ráð fyrir starfsmannaáðstöðu vegna rannsókna. Einnig kemur fram að aðrar breytingar sem kynntar voru í lýsingu breytingartillögunnar er frestað. Fram kemur að sama gildir varðandi deiliskipulagstillögu.

Þættir í þessari skipulagsbreytingu eru því:

- Iðnaðarsvæði fært til og heimild fyrir starfsmannabúðum bætt við.
- Íbúðarsvæði innan virkjunarsvæðisins felld út.
- Vegir um virkjunarsvæðið skilgreindir.
- Efnistökusvæði skilgreind við Hvalárósa, í Hvalá og við Hvalárvatn.

Ekki liggur fyrir endanleg afmörkun á lónum virkjunar og er gert ráð fyrir að leggja fram breytingu á skipulagsáætlunum síðar hvað það varðar.

### **Staðhættir og umhverfisaðstæður**

Í umfjöllun um forsendur kemur fram að Árneshreppur er 707 km<sup>2</sup> að stærð og að landslag er víða stórbrotið í Árneshreppi. Einnig kemur fram að virkjunarsvæðið er 265,5 km<sup>2</sup>, auk helgunarsvæðis raflínu og Ófeigsfjarðarvegar. Einnig kemur fram að innan Árneshrepps eru 370 km<sup>2</sup> landsvæðis óbyggð víðerni. Stærstur hluti þessa svæðis er innan fyrirhugaðs virkjunarsvæðis skv. gildandi aðalskipulagi.

Skerðing óbyggðra víðerna vegna vinnuvega er áætluð 180 km<sup>2</sup>, en skerðingar vegna efnistöku og starfsmannabúða falla innan áhrifasvæðis vinnuvega. Í umfjöllun um staðhætti kemur fram að skerðing víðerna mun aukast um 40 – 60 km<sup>2</sup> komi til uppbyggingar virkjunarinnar.

### **Áhrifasvæði vinnuvega, iðnaðarsvæðis og efnistökusvæða**

Í umfjöllun um fyrirhugaðar framkvæmdir kemur fram að vinnuvegir verða samtals 25 km um virkjanasvæðið frá Ófeigsfjarðarvegi sunnan Hvalár að Neðra-Hvalárvatni og þaðan að Neðra – Eyvindarfjarðarvatni annars vegar og Rjúkanda hins vegar. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir endurbótum á veginum frá Trékyllisvík um Eyrarháls og Ingólfsfjörð í Ófeigsfjörð að Hvalá, 11,5 km. Á mynd 3.9 er áhrifasvæði þeirra framkvæmda er breytingartillagan nær til sýnt. Ljóst er að áhrifasvæðið nær yfir mest allt það svæði sem skilgreint hefur verið sem virkjanasvæði. Tímabundnar starfsmannabúðir verða fyrir um 30 manns.

Í umfjöllun um efnistökusvæði kemur fram að gert er ráð fyrir nýjum efnistökusvæðum í tengslum við gerð rannsóknarvega, tvö verða staðsett á láglandi við Hvalárósa og eitt er staðsett vestan megin við Neðra-Hvalárvatn. Einnig kemur fram að áætluð efnisþörf framkvæmda innan virkjunarsvæðis er tæpir 1.800 þúsund m<sup>3</sup> og um 100 þúsund m<sup>3</sup> þarf til endurbóta á Ófeigsfjarðarvegi og að áætluð efnisþörf í stíflur sé um 1.550 þúsund m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að 1.100 þúsund m<sup>3</sup> muni falla til við framkvæmdir en að efni sem vantar verði sótt í námur á heiðinni. Umhverfisstofnun bendir á vefsíðuna [namur.is](http://namur.is), en þar eru mikilvægar upplýsingar um efnistöku og frágang efnistökusvæða.

### **Umhverfismat**

#### **Náttúrufarslegir þættir**

Í umhverfismati áætlunarinnar kemur fram að vegaframkvæmdir muni raska jarðlögum og gróðurlendi og að efnistaka geti haft neikvæð áhrif á vatnagæði einkum á framkvæmdatíma. Einnig kemur fram að efnistaka muni raska jarðlögum og gróðurlendi en það verði staðbundið.



Umhverfisstofnun minnir á að hér eru einungis skoðuð umhverfisáhrif vega, efnistökusvæða og vinnubúðasvæðis. Neikvæð umhverfisáhrif virkjunarinnar í heild munu verða mikil á náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd samkvæmt niðurstöðu Skipulagsstofnunar.

### Óbyggð víðerni, landslag og ásýnd

Um 370 km<sup>2</sup> svæði innan Árneshrepps eru óbyggð víðerni skv. kortlagningu Umhverfisstofnunar frá 2009. Að mati Umhverfisstofnunar verður umfangsmikil skerðing óbyggðra víðerna og neikvæð áhrif verða á ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslag þess við gerð vinnuvega og verða neikvæðu áhrifin og skerðingin enn meiri þegar virkjanaframkvæmdirnar sjálfar eru áætlaðar.

### Niðurstaða

Í ofangreindri breytingartillögu er fjallað um þrjá af þeim þáttum sem framkvæma þarf ef Hvalárvirkjun kemur til framkvæmda. Í kafla 3.2.4 um starfsmannabúðir er vísað til ákvæðinnar óvissu um frekari virkjunarframkvæmdir þar sem segir: „*Ef ekki kemur til frekari virkjunarframkvæmda verða öll mannvirki fjarlægð og gengið frá vinnusvæðum. Ef haldið verður áfram með verkefnið verður svæðið stækkað fyrir þá starfsemi sem lýst er í kafla 3.2.*“ Umhverfisstofnun bendir á að þegar fjallað er um einstaka hluta framkvæmdar hverju sinni getur það komið í veg fyrir eða takmarkað heildræna sýn á framkvæmdina.

Að mati stofnunarinnar er afar mikilvægt að við gerð vinnuvega, við efnistöku og við staðsetningu vinnubúða verði farið að með gát og leitast verði við að forðast allt óþarfa rask þar sem svæðið er óbyggt og óraskað.

Eins og fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar dags. 15. ágúst 2016 þá telur stofnunin að helstu umhverfisáhrif virkjunarinnar felist í neikvæðum áhrifum á óbyggð víðerni og bendir stofnunin einnig á að óbyggðum víðernum fer fækkandi og þar með ættu verðmæti þeirra svæða sem eftir eru að aukast í samræmi við það, og að ríkari áhersla ætti að vera lögð á verndun þeirra.

Óbyggð víðerni munu skerðast um allt að 180 km<sup>2</sup> við þá breytingu sem hér er til umfjöllunar, og þegar öll virkjunin verður áætluð munu 40 – 60 km<sup>2</sup> óbyggðra víðerna skerðast í viðbót. Umhverfisstofnun bendir á að um verulegalega skerðingu er að ræða. Einnig munu áætlaðar framkvæmdir hafa neikvæð áhrif á ásýnd lands.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

